

Aðalfundur Fjarskiptahóps SKÝ starfsárið 2012

Fundargerð

Fundarstaður: Vodafone, Skútuvogi

Fundartími: 28.2.2013 klukkan 12:00

Dagskrá: Hefðbundin aðalfundarstörf skv. samþykktum félagsins.

Formaður hópsins bauð gesti fundarins velkomna. Formaður var kosinn fundarstjóri fundarins.

Skýrsla stjórnar var lesin upp og samþykkt af fundarmönnum.

Kosning í stjórn fór fram skv. ákvæðum samþykkt félagsins þar sem fimm voru kosnir í stjórn og eru þeir:

Jón Ingi Einarsson hjá Rhneti

Guðmundur Daníelsson hjá Orkufjarskiptum (formaður)

Gunnar A. Ólafsson hjá Nova

Theodór Carl Steinþórsson hjá Vodafone

Davíð Stefán Guðmundsson hjá Símanum

Önnur mál:

Fundarstjóri bar upp breytingatillögu á samþykktum hópsins sem lág fyrir fundinum með viku fyrirvara eins og samþykktir kveða á um. Hljómaði breytingatillagan á eftirfarandi hátt:

Stjórn fjarskiptahóps SKÝ leggur til eftirfarandi breytingu á 3. Grein samþykkt fyrir Fjarskiptahóp SKÝ:

Núverandi grein:

„Halda skal að minnsta kosti einn almennan fund árlega, í tæka tíð fyrir aðalfund SKÝ. Hann hefur á dagskrá tvo fasta liði auk annarra mála, frágang skýrslu til stjórnar SKÝ og stjórnarkjör. Stjórnin er kosin til eins árs í senn og er skipuð fimm mönnum, formanni og fjórum meðstjórnendum sem skipta með sér verkum eftir þörfum.“

Gerð er tillaga um að greinin hljómi á eftirfarandi hátt:

„Stjórn faghópsins er kjörin á aðalfundi SKÝ til eins árs í senn og er skipuð fimm mönnum, formanni og fjórum meðstjórnendum sem skipta með sér verkum eftir þörfum.“

Tillagan var samþykkt samhljóma.

Önnur mál lágu ekki fyrir og fundi var slitið 13:10.